



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26. APRÍL 1912

Formannafundur UMSB
17. október kl.18:00
Lyngbrekku

Fundargerð

Mætt eru:

Guðrún Hildur Þórðardóttir sambandsstjóri, Thelma Dögg Harðardóttir varavarasambandsstjóri fyrir Ólaf Daða Birgisson, varasambandsstjóra, Raket Dögg Sigurgeirsdóttir ritari, Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir framkvæmdastjóri UMSB, Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir formaður Hjólreiðafélags Vesturlands, Ingi Þór Reykdælir, Sigurjón umf. Björn, Eyþór Gíslason Hmf. Borgfirðings, Hulda Geirsdóttir formaður badmintondeildar, Borgar Páll Bragason formaður íþróttanefndar Íslendinga, Oddný Böðvarsdóttir fyrir hönd knattspyrnudeildar, Aðalheiður Kristjánsdóttir fyrir hönd Umf. Íslendinga, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir í stjórn blakdeildar Umf. Íslendinga, Sigríður Bjarnadóttir formaður KKD Skallagríms, Lára Magnúsdóttir verkefnisstjóri körfuknattleiksdeildar Skallagríms, Unnur Jónsdóttir formaður Frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar og fyrir hönd Umf. Dagrenningar, Ingunn Jóhannesdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja, Jón Theodór framkvæmdastjóri knattspyrndeildar Skallagríms, Heiðrún Helga Bjarnadóttir formaður sunddeildar Skallagríms

1. Sambandsstjóri setur fundinn

Guðrún Hildur sambandsstjóri setur fundinn og fer lauslega yfir fjárhagssöðu sambandsins og af hverju fjármunir hafa safnast upp. Bendir á dagskrárlið númer þrjú um auka úthlutun hluta þess fjármagns sem safnast hefur upp.

2. Fundargestir kynna sig og segja frá hvernig gengur

Íslendingur: voru að vígja strandblakvöll á Hvanneyri, Sverrismótið

Skallagrímur: Vetrarstarfið er að fara í gang, bikarkeppnin hafin. Fjáraflanir, tveir starfsmenn. Þjálfarahandbók og stefnumótun, það er verið að undirbúa Arionbanka mótið, þorrablót osfr.

Körfuboltadeild: Samstarf við Snæfell með eldri yngri flokkum. Kvennaboltinn er að koma sterkur inn.

Badminton: 3-6.bekkur áhugasamur. Mikill áhugi í eldri hóp 7.-10. bekk, fóru að sækja badmintonæfingar út á Akranesi. Trimmarahópurinn öflugur og fjölskyldutímar um helgar ágætlega sóttir. Badmintondeildin er í samvinnu með ÍA og samnýta þjálfarann. Samningur verður endurnýjaður um áramótin.

Hestamannafélagið: Er verið að dreyna völinn, mikil bleyta. Undirbúningur fyrir næsta tímabil.

Reykdælir: Öflugt barnastarf í gangi.

Hjólreiðafélagið: Fyrsta keppnin undir formerkjum hjólreiðafélagsins, stefna á að hafa Zwift æfingar í vetur.

Stafholtstungur: Íþróttaskóli, umhverfisdagur og verið að skoða það að setja upp raffíþróttadeild.

Fótboltadeild Skallagríms: Þjálfarar uppí 12 ára aldur 165 þátttakendur skráðir. Nú fara að byrja dagsmót allra flokka.

Sunddeildin: Skriðsundnámskeið og garpasund, mikil sprengin í sundinu, stefna á að halda námskeið fyrir börn eftir áramót.

3. Styrkúthlutanir – auka úthlutun til aðildarfélaga og tillögur UMFÍ um nýjar lottó úthlutunarreglur kynntar

Stjórn UMSB leggur til að hafa starfsstyrks úthlutun, umsóknarfrestur er til 5. nóvember og mun stjórnin þá fara yfir umsóknir á stjórnarfundum þann 6. nóvember og styrkirnir greiddir út í kjölfarið.

Ferðastyrkur:

Hægt að sækja um styrki ef viðkomandi er að æfa með aðildarfélagi UMSB eða á lögheimili innan sambandssvæðisins.

Hvað er raunhæft að styrkja: Þau sem mætt eru eru sammála um að styrkina skuli að minnsta kosti tvöfalda og jafnvel stofna styrkúthlutunarnefnd líkt og gert er með afrekssjóð.

- Hægt að gera sundurliðaða fjárhagsáætlun til að geta sótt um áður en ferðin er farin. Ásamt því að vera með undirritað frá formanni.

Rætt var um kostnað þeirra sem hafa ekki annarra kosta vöð en að stunda æfingar utan sambandssvæðis UMSB, framkvæmdastjóri beðinn um að senda ályktun á Borgarbyggð hvort hægt sé að koma til móts við þennan hóp t.d. með niðurgreiðslu strætókorta.

Á síðasta ársþingi ÍSÍ voru kynntar tillögur að sameiginlegum svæðisskrifstofum, þar voru þær samþykktar einróma en eru háðar því að þing UMFÍ, sem haldið verður helgina 20. – 22. október, samþykki það einnig, auk ríkisins.

Tillagan snýr að því að UMFÍ og ÍSÍ fjármagni einn starfsmann með lottótekjum og ríkið einn, þannig að það verði tveir starfsmenn á hverju svæði. Á okkar svæði yrði skrifstofa sem myndi þjónusta svæði ÍA, UMSB, HSH og UDN (fleiri héraðssambönd hafa lýst yfir áhuga að vera með okkur í samstarfi, þetta er ekki meitlað í stein).

Einnig á að breyta úthlutunarreglum Lottó þannig að það verður eingöngu horft í hveru margir íbúar undir 18 ára aldri búa á tilteknu sambandsvæði og einhverjar umræður spunnist um að úthlutun til aðildarfélaganna muni einnig miða við það, þ.e.a.s. hversu margir iðkendur/félagar undir 18 ára tilheyri félaginu.

4. Unglingalandsmót – hlutverkaskipan og framkvæmd

Rætt um hvaða hlutverk þarf að skipa í, skipað í nokkur hlutverk en ennþá töluvert mörg sem á eftir að manna. Rætt um að framkvæmdastjóri sendi google docs skjal á aðildarfélög sem þau geta svo fyllt inn í.

5. Önnur mál

Sölvi hefur ákveðið að stíga til hliðar sem gjaldkeri á næsta sambandsþingi ef einhver í þessum hópi hefur áhuga á að taka að sér það hlutverk eða hefur einhvern í huga sem hefði það.

UMSB mun greiða fyrir Sportabler, hvetjum félög til að byrja að nota það til að halda utan um félagatal, getum haft Teams fund til að sýna hvernig félagar eru skráðir í Sportabler ef vilji er fyrir því. Minni líka á að alltaf er hægt að leita til frkv.stjóra UMSB varðandi aðstoð með Sportabler. Rætt um að það hafi áhrif á styrkúthlutanir ef félög nota ekki Sportabler. Framkvæmdastjóri mun boða Teams fund með Elíasi hjá ÍSÍ og aðildarfélögum til að fara yfir og kenna á forritið.

Rætt hefur verið að seinka sambandsþingi og samræma öll skil, þannig að skil á ársskýrslu og starfsskýrslu séu um svipað leyti og einfaldað þannig störf deilda. Einnig verður gerð krafa á að samþykktir reikningar aðildarfélaganna og deilda fylgi með í ársskýrslunni. Sambandsþing ársins 2024 verður þó á lögbundnum tíma en tillaga verður lögð fram um seinkun þings þar sem þetta er lagabreyting. Hafa þá formannafund í febrúar/mars, fólk hefur þá kannski betri sýn á hlutina og hvaða tillögur það vill leggja fyrir þingið. Svo jafnvel formannafundur í september og höfum gælt við að bæta við þriðja fundi í nóv/byrjun des, þar sem við myndum hittast og borða góðan mat og eitthvað þema sett upp.

Öll sem tóku til máls voru sammála um að þetta yrði breyting til hins betra. Samþykkt að senda þetta inn á sambandsþing sem tillögu að lagabreytingu.

Önnur héraðssambönd hafa farið þá leið að framkvæmdastjóri sambandsins skili starfsskýrslum fyrir öll aðildarfélög og deildir með það fyrir augum að minnka álag á stjórnarfólk sem er meira og minna í sjálfbóðaliðastörfum og auka gagnsæi og fagleg vinnubrögð.

Verið að breyta áherslum varðandi Skinfaxa, ekki lengur skylduáskrift, hver vilja vera áfram áskrifendur. Öll sammála um að hætta áskrift.

Það þarf að setja upp laganefnd – það þarf að ákveða hvað á að gera við umfram fjármagn í afrekssjóði.

Framkvæmdastjóri brýnir fyrir fólki að hún sendi fundarboð fyrir alla fundi og biður fólki um að svara því, þá dettur það inn í calendar hjá ykkur og við fáum betri mynd á hversu mörg mæta.

Íþróttamanneskja Borgarfjarðar – fara að skipta því á milli aðildarfélaga og greiða fyrir það. Stjórn UMSB ákveður röðina, ef viðkomandi félag hefur ekki tök á því að halda það þá fer það aftast í röðina.

Stjórn UMSB tók ákvörðun um að efsta sætið fái bikar, bæði farands- og eignarbikar, en farið verður í samstarf við Ölduna varðandi verðlaunagripi/gjafapoka fyrir efstu 10. Samþykkt

Ingunn tilkynnti aðildarfélögum að stóri salurinn í íþróttahúsinu verður lokaður um jólin.

Umræður urðu um gjaldskrárhækkun Strætó og þær neikvæðu afleiðingar sem það hefur á á iðkendur sem þurfa að nýta sér almenningssamgöngur til að geta stundað íþróttæfingar.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt og framkvæmdastjóra UMSB falið að koma henni á framfæri:

„Stjórn UMSB fær reglulega styrkbeiðnir er lúta að ferðakostnaði barna og ungmenna, sem vegna aðstöðuleysis hafa ekki kost á að stunda íþróttina sína í heimabyggð. Þessu fylgir talsverður kostnaður og sem dæmi má nefna að hækkun strætófargjalda kom sérstaklega illa við þennan hóp. Auk þess sem einstaka deildir þurfa að gefa frá sér heimaleikjaréttinn og spila sína heimaleiki annars staðar með þeim ferðalögum og kostnaði sem því fylgir.

Það gefur augaleið að ekki sitja öll börn við sama borð þegar kemur að því að sækja æfingar og keppni annað.

Aðildarfélög og stjórn UMSB vilja biðla til Borgarbyggðar að koma til móts við þennan hóp barna- og unglinga, til dæmis með niðurgreiðslu strætókorta eða með öðrum ívilnunum.“

Fleira var ekki rætt

Fundi slitið kl. 20.45